

**Nr. 18-069 S 045 Digranes NS 124*****Stjórnandi sofnar og strandar í Bakkaflóa***

Skipaskr.nr. 2650  
 Smíðaður: Hafnarfirði 2004 plast  
 Stærð: 11,29 brl. 14,84 bt.  
 Mesta lengd: 12,43 m Skráð lengd: 11,33 m  
 Breidd: 3,73 m Dýpt: 1,46 m  
 Vél: Yanmar, 368 kw, 2008.  
 Fjöldi skipverja: 2



Digranes ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.


*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 9. maí 2018 var línuveiðiskipið Digranes NS 124 á siglingu til Bakkafjarðar. Veður: SSV 2 m/sek.


Digranesið hafði farið frá Bakkafirði til veiða þann 7. maí milli kl. 21:00 og 22:00 og lagt línuna en seinna um nóttina bilaði glussaslanga. Af þeim sökum náðu skipverjar ekki að draga línuna og sigldu í land til að sækja meiri glussa og komu í höfn um kl. 11:00 þann 8. maí. Um kl. 15:00 sama dag var siglt á miðin aftur, línan dregin og var því lokið um kl. 05:00 að morgni 9. maí. Var þá haldið til hafnar á Bakkafirði.

Um kl. 07:00 strandaði Digranesið undan Skeggjastöðum vestan við Bakkafjörð á stað, 66°00'991N og 014°53'336V (sjá mynd 1) og hafði stefna þess verið um 210°.



Mynd 1 Ferilskráning og strandstaður

Kl. 07:06 barst tilkynning til Vaktstöðvar siglinga um atvikið og voru björgunarsveitir á svæðinu ræstar út. Skipverjarnir tveir fóru í björgunarbúninga og náðu að komast af sjálfsdádum í land.



Mynd 2 Digranes NS 124 á strandstað

Björgunaraðilar frá Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði voru komnir á strandstað um kl. 09:00. Línubáturinn Halldór NS 302 var á svæðinu og reyndi að draga Digranesið af strandstað. Síðar kom björgunarskipið Sveinbjörn Sveinsson frá Vopnafirði á vettvang og reyndi einnig að ná Digranesinu af strandstað en án árangurs þar sem dráttartaugar slitnuðu ítrekað.

Um kl. 13:00 var hafist handa við að létta bátinn og taka í land veiðarfæri úr honum. Beltagrafa var fengin til aðstoðar við björgunina og hreinsaði hún stórgryti frá bátinum (sjá mynd 2).

Á flóðinu um kl. 17:15 tókst björgunarskipinu að draga Digranesið af strandstað og fara með það fyrst til hafnar á Bakkafirði þar sem gengið var frá því til frekari siglingar til Vopnafjarðar. Kl. 00:45 kom björgunarskipið með bátinn til hafnar á Vopnafirði þar sem hann var hífður á land.

Talsverðar skemmdir urðu á bol bátsins auk þess sem skrúfa, stýri og öxull eyðilögðust og gír skemmdist talsvert.

#### ***Við rannsókn kom fram:***

- að skipstjórinn var á siglingavakt og kvaðst hafa sofnað við stjórnina. Hann man síðast eftir sér þegar u.þ.b. 45 mín. voru eftir til hafnar og ein stefnubreyting var á þeirri leið. Hann vaknaði við strandið;

- að áhöfnin á Halldóri NS hafði tekið eftir óeðlilegri siglingu Digraness og kölluðu þeir bátinn upp en án árangurs
- að skipstjórinn taldi ástæðu þess að hann sofnaði væri óvenju löng veiðiferð;
- að fyrri ferðin hafði tekið um 13 klst. og seinni ferðin um 16 klst. þegar báturinn strandaði;
- að siglingatæki sem voru í notkun á siglingunni voru dýptamælir, siglingaplotter (MacSea), GPS staðsetningartæki, AIS ferilbúnaður og tvær VHF talstöðvar stilltar á rásir 16, 12 og 9;
- að viðvörðunarbúnaður á dýptarmæli var í gangi en fram kom að hann hefði ekki dugað til að vekja skipstjórnann;
- að um borð við strandið voru 1.586 kg af fiski, um 1.000 kg af veiðarfærum og 6-700 l af olíu;
- að fram kom að eftir atvikið var verklagi breytt þannig að tveir menn eru alltaf í brú síðasta klukkutímans sem eftir er af heimsiglingu;
- að samkvæmt lögskráningu áttu þrír að vera í áhöfn bátsins en fram kom að einn hefði viljað vera eftir vegna veikinda þegar siglt var úr höfn í seinna skiptið.

### ***Nefndarálit:***

Orsök strandsins var að stjórnandi bátsins sofnaði.

Nefndin vekur sérstaka athygli á breyttu verklagi sem komið var á um borð í bátnum eftir strandið að tveir menn væru vakandi síðasta klukkutímans til hafnar.

### ***Sérstök ábending:***

Nefndin minnir á að í 12. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa segir:

*Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Samgöngustofa skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.*